

Alþingi
Erindi nr. Þ 126/1675
komudagur 29.3.2001

RAFN HAFNFJÖRD

HÖFÐATÚN 12 • 105 REYKJAVÍK

LJÓSMYNDASAFN

sími: 552-2930 • fax: 562-2935 • litbra@vortex.is • www.litbra.is

1. desember, 2000

Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra,
Jón Helgason, fyrrv. landbúnaðarráðherra,
Árni Ísaksson, Veiðimálastjóri,
Vigfús Jóhannsson, form.
Landssambands Fiskeldis- og hafbeitarstöðva
Guðmundur G. Þórarinnsson, fyrrv. form
Landssamband Fiskeidis- og hafbeitarstöðva
Óðinn Sigþórsson, form. Landssambands veiðifélaga.

Heiðurmennasamkomulag:

Það var löngum talið aðalsmerki Íslendinga að lofuðu þeir einhverju stóðu þeir við loforð sín.

Vitna má í orð Guðmundar ríka á Möðruvöllum er hann mælti til Hlenna hins skakka í Saurbæ og greint er frá í Ljósvefningasögu og er áreiðanlega ein fyrsta frásögn af heiðurmennasamkomulagi þótt það væri ekki nefnt því nafni.

“Þá mun ég þann kost taka, því að jafnt þykki mér heit þín sem handsöl annarra manna.”

Árið 1988 logaði Ísland í deilum út af athöfnum fiskeldismanna sem vildu freista gæfunnar með eldi á norskum laxi hérlendis og höfðu lagt fjármuni landsmanna undir í því skyni. Veiðiréttareigendur og verndarsinnar lögðust hart gegn öllum áformum sem ógnað gætu íslenskri náttúru.

Árið 1988, þann 19. ágúst, skipaði þáverandi landbúnaðarráðherra, Jón Helgason, nefnd sem átti að rannsaka þessi mál og finna leið út úr ógöngum fiskeldismanna sem flestir römbuðu á barmi gjaldþrots. Nefndina skipuðu þeir: Árni Ísaksson, Guðmundur G. Þórarinnsson, Böðvar Sigvaldason og ég sem valinn var til formennsku. Við tókum til óspilltra málanna og leituðum ráða hjá færustu vísindamönnum þeirra tíma.

Niðurstaða okkar varð einróma; að ekki þætti fært að taka neina áhættu sem skaðað gæti íslenska náttúru í bráð eða lengd. Samkomulag varð um að norskættuð hrogn, seiði eða lax færu aldrei í hafbeiti eða til eldis í sjókvíum við strendur Íslands.

25. október, 1988 undirrituðu allir nefndarmenn þetta samkomulag.

Nú hefur það gerst að bæði Veiðimálastjóri og núverandi formaður Landssambands Fiskeldis- og hafbeitarstöðva hafa, upp á sitt eindæmi, rift samkomulaginu og virt að vettugi þennan mikilvæga sáttmála. Sameiginlega virðast þeir vinna að því án samráðs við hagsmunaaðila að fá samþykka nýja reglugerð sem brýtur í bága við megintilgang samkomulagsins frá 1988. Ennfremur vanvirða þeir fjölbjóðlegu verndarsamtökin NASCO – og utanríkisráðherra sem fer þar með forræði Íslands – með því að gefa

viliandi upplýsingar um tillögur þeirra og varúðarsjónarmið. Til að bæta gráu ofan á svart leggja þeir til lítt ígrundaðar tillögur fyrir reynslulitinn umhverfisráðherra sem ætlar síðan að setja öll laxveiðihlunnindi landsbyggðarinnar í uppnám.

Ég treysti mér ekki hér að lýsa vonbrigðum þeirra fjölmörgu manna og kvenna sem hafa lagt alla starfsævi sína í að auðga og standa vörð um hinn villta og hreina laxastofn á Íslandi með þessa furðulegu þróun mála.

Ég legg eindregið til að núverandi landbúnaðarráðherra dragi þessa menn strax til ábyrgðar og komi í veg fyrir frekari upplausn og deilur í þessu mikilvæga máli.



Rafn Hafnfjörð

afrit til:

Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra
Böðvar Sigvaldason
Orri Vigfússon
Emil Sigurjónsson
Sigurjón Friðriksson
Helga M. Óttarsdóttir
Bragi Vagnsson
Steingrímur J. Sigfússon
Kristján Pálsson
Kolbrún Halldórsdóttir
Ólafur Örn Haraldsson
Þórunn Sveinbjarnardóttir
Ásta Möller
Ísólfur Gylfi Pálmason
Hjálmar Árnason
Arnbjörg Sveinsdóttir
Halldór Blöndal
Vífill Oddsson
Kristján Guðjónsson
Ragnar Hólm